

Afstöðumynd af deiliskipulagssvæði vinnubúða og athafnasvæðis vegna breyttrar legu Hringvegar við Jökulsá á Fjöllum, mkv. 1:5.000

SKÝRINGAR

- skering
- vegur
- fylling
- 100 m stöð
- náma
- jarðsími / ljósleiðari
- sveitarfélagamörk
- áætlaðir bráðabirgðavegir á framkvæmdatíma
- deiliskipulagsmörk
- lóðarmörk
- byggingareitur
- fornleifar



Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023



Auglýst breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030



Staðsetning vinnubúða vestan ár og athafnasvæðis við Jökulsá á Fjöllum, mkv. 1:2.500

STAÐHÆTTIR OG AÐSTÆÐUR Á SKIPULAGSSVÆÐINU

Vegagerðin hefur í samráði við Skútustaðahrepp og Norðurþing unnið deiliskipulag sem tekur til vinnubúða og athafnasvæðis sem áformað er að setja upp vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar við byggingu nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði og vegaframkvæmda á Hringvegi (1). Um er að ræða tímabundna notkun á svæði sem er skilgreint sem óbyggð svæði. Auk þess tekur deiliskipulagið til efnistökusvæða sem skilgreind eru á aðalskipulagi.

Að framkvæmdum loknum verða vinnubúðirnar fjarlægðar en tímasetning fylgir skilgreindum verklokum við gerð nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum skv. framkvæmda- og tímaáætlunum framkvæmdaaðila og leyfisveitenda.

Skipulagssvæðið er 170 ha að stærð nær yfir breytta legu Hringvegarins, tvö námusvæði og fjögur athafnasvæði sem ná samtals yfir 8,0 ha, þ.e. athafnasvæði við brúarstæðið sem er 6,0 ha og þrjú svæði fyrir vinnubúðir sem eru hvert fyrir sig 1,0 ha. Athafnasvæðið er umhverfis nýju brúna yfir Jökulsá á Fjöllum, bæði uppi á landi og í farvegi árinnar. Vinnubúðir eru staðsettar á svæðum sem einkennast af melum. Þau eru sitthvorum megin árinnar, tvö að austanverðu. Líklegt er að vinnubúðir verði aðeins reistar á einum staðnum. Vinnubúðirnar austan Jökulsár verða nálægt gamalli bjöðleið.

Námur verða staðsettar á ógrónum svæðum. Náma B er frágengin náma með haug, vestan við Jökulsárbrú. Hún er tvískipt, annars vegar eru áætlanir um að taka efni úr mel í framhaldi af frágenginni námu og hins vegar úr klapparholti sem er vestar og ofar. Náma C sem er austan við Jökulsárbrú, er einnig frágengin náma með haugum. Fyrirhugað efnistökusvæði er þrískipt. Nyrsti hluti námunnar er nálægt gamalli bjöðleið.

Austan Jökulsár á Fjöllum liggur forn, vörðuð bjöðleið milli Austurlands og Norðurlands og 22 vörður eru í minna en 100 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Vinnubúðarsvæðið austan Jökulsár er staðsett í minnst 140 metrum frá næstu vörðu og námusvæði C er staðsett í minnst 25 metrum frá næstu vörðu og verða þær ekki fyrir áhrifum. Nýr Hringvegur raskar einni vörðu og verður í 7 m fjarlægð frá annarri. Afla þarf leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska vörðu við stóð 1.950 í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Gerð deiliskipulagsins er þáttur í því að hrinda í framkvæmd byggingu nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum og tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamband á Hringvegi. Markmiðið er að auka umferðaröryggi og tryggja þungaflutninga og greiðari samgöngur milli Norður- og Austurlands.

Tryggja þarf að Hringvegur um Norðurland sé fær öllum bílum, þ.m.t. bílum með þungaflutninga, svo að hann nýtist sem örugg varaleið ef rof verður á Hringvegi um Suðurland. Nýr vegur verður með bundnu slitlagi og uppbyggður með tilliti til snjóa. Hönnunarhraði vegarins verður miðaður við 90 km/klst. hámarkshraða

STEFNA

Tillagan er unnin á grundvelli gildandi Aðalskipulags Skútustaðahrepps 2011-2023 og auglýstri breytingu á Aðalskipulagi Norðurþings 2011-2023. Ekki er kveðið á um heimildir fyrir tímabundin mannvirki í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Fyrirhugaðar námur eru á aðalskipulagi sveitarfélaganna. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu eða í næsta nágrenni sem deiliskipulagið gæti haft áhrif á.

Vestan Jökulsár á Fjöllum er fyrirhugað framkvæmdasvæði innan Svæðisskipulags miðhálendis Íslands 2015. Það er á svæði sem telst til náttúruverndarsvæða. Í greinargerð svæðisskipulagsins segir: "Allur Skútustaðahreppur í austurhluta sýslunnar er skilgreindur sem náttúruverndarsvæði, allt frá Tungnafellsjökli austur að Jökulsá á Fjöllum. Þetta er hluti af stærsta viðerni landsins í Ódáðahrauni og allt suður um Vatnajökul. Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir að stækka og tengja saman þessi svæði þannig að þau myndi stór samhangandi verndarsvæði. Vatnsmikil lindasvæði eru með Jökulsá á Fjöllum."

Jökulsá á Fjöllum er önnur lengsta á landsins. Hún fellur um Vatnajökulsþjóðgarð og um friðlýst svæði og náttúruminjar sem eru í umsjá Vatnajökulsþjóðgarðs. Engar náttúruminjar eða friðlýst svæði eru þó á sjálfu framkvæmdasvæðinu. Upplýsingar um friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar eru af heimasíðu Umhverfisstofnunar (www.ust.is).
Í Svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015 kemur eftirfarandi fram: "Náttúruverndarsvæði í skipulaginuná yfir mikilvægustu og merkustu náttúruminjar hálendisins. Sérstæð eða einstæð svæði vegna landslags, jarðmyndana, gróðurfars eða dýralífs. Þau ná yfir stórar landslagsheildir og óröskuð viðerni s.s. stóra hluta gosbeltanna og viðfeðm votlendissvæði." (Landmótun, 1998).

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Landslagi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað með vegi, brú, efnistöku o.fl.
Framkvæmdasvæðið er ekki á óröskuðu viðerni.
Framkvæmdin mun hafa óveruleg áhrif á Vatnajökulsþjóðgarð og náttúruverndarsvæði miðhálendis Íslands 2015.

TÍMABUNDIN SKIPULAGSÁKVÆÐI

Námur

Svæði fyrir námur verða á tveimur stöðum. Annars vegar vestan við Jökulsá, náma B og hins vegar austan árinnar, náma C. Efnistakan er háð útgáfu framkvæmdaleyfis viðkomandi sveitarfélags. Hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun um efnistökuna.

Náma B vestan árinnar er tvískipt. Samtals er gert ráð fyrir 81.000 m³ efnistöku og að röskuð svæði verði allt að 35.100 m².

- Melur. Afmarkað er 25.400 m² efnistökusvæði úr mel í framhaldi af hálffrágenginni námu. Þar er gert ráð fyrir að meðaltali 3,5 m efnisþykkt semætti að gefa um 61.000 m³ af efni til notkunar í stýrktarlag, fyllingar, flá, keilur við brú, rofvarnir, vinnuplön og varnargarða (sjá kafla um umhverfisskýrslu).
- Klöpp. Afmarkað er 9.700 m² svæði í klapparholti sem er vestan og ofan við melinn. Þar er hægt að sprengja grágrýtisklöpp til notkunar í grjótvörn og hugsanlega til vinnslu í burðarlag. Áætlað efnismagn er allt að 20.000 m³.

Náma C austan árinnar er tvískipt. Samtals er gert ráð fyrir 45.000 m³ efnistöku og að röskuð svæði verði allt að 40.500 m²:

- Svæði a er 30.200 m² að flatarmáli. Miðað er við 2,0 m efnisþykkt að meðaltali. Á svæðinu verður tekið efni í fyllingar, fláafleyga, stýrktarlag, keilur við brú og efni í vinnuplön. Gert er ráð fyrir að taka 43.500 m³ af efni úr námunni.
- Svæði b er 10.300 m² að flatarmáli. Þar hefur efni verið tekið upp úr Jökulsá og malað í klæðingu. Malaður haugur og sandhaugur eru á svæðinu. Gert er ráð fyrir að taka 1.500 m³ af efni úr námunni sem verði notað í klæðingu.

Vinnubúðir

Svæði fyrir vinnubúðir verða á þremur stöðum og eru hvert um sig 10.000 m². Svæðið vestan árinnar er um 130 m frá Hringveginum og um 270 m frá vesturenda nýrrar brúar. Annað svæðið austan árinnar er í frágenginni námu, í grennd við áningarstað á vegamótum Hringvegar og Hólsfjallavegar, um 40 m frá áningarstaðnum og Hringveginum. Hitt svæðið austan ár er við slóða að vaði yfir Jökulsá, tæplega 300 m sunnan við austurenda nýrrar brúar.
Svæðin eru fyrir bráðabirgðabyggingar, lager, aðkomuleiðir, bílastæði, rotþró og aðra nauðsynlega aðstöðu.
Svæðið vestan ár er innan marka sveitarfélagsins Skútustaðahrepps en svæðin austan ár eru innan marka Norðurþings. Verktaki þarf að sækja um leyfi til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til að reisa og reka vinnubúðir. Hann þarf að gera sérstaka öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir framkvæmdina.

Athafnasvæði

Innan athafnasvæðis verður öll aðstaða framkvæmdaaðila og þau mannvirki sem setja þarf upp vegna framkvæmdarinnar. Afmörkun svæðis er 60.000 m² og er áætlað fyrir bráðabirgðabyggingar, aðkomuleiðir, bílastæði, rotþró og aðra nauðsynlega aðstöðu.

Byggingar innan svæðis fyrir vinnubúðir

Innan hvers vinnubúðasvæðis er afmarkaður um 1600 m² byggingarreitur þar sem gert er ráð fyrir að rísi svefn-, mötuneytis- og skrifstofuskálar og gámar fyrir verkfæri, efni og rafstöð. Staðsetning svæðanna er valin með tilliti til hagstæðrar legu vegna aðflutninga efnis og vista. Tveir staðanna staðir liggja vel við núverandi samgönguæðum. Sá þriðji er við lind.

Byggingar á athafnasvæði

Afmarkaðir eru 2 byggingarreitir innan athafnasvæðis, hvorum megin árinnar. Þeir eru fyrir

* lagerskála/gáma og skrifstofu verktaka og eftirlits

Notkun bygginga á reitunum er ekki fastákveðin og ræðst af þörf. Miðað er við að byggingarnar verði á einni hæð.



Staðsetning vinnubúða í gamalli námu við áningarstað austan ár, mkv. 1:2.500



Staðsetning vinnubúða við lind austan ár, mkv. 1:2.500

Aðkoma og bílastæði

Aðkoma að vinnubúðum er eftir núverandi Hringvegi nr. 1 og eftir slóðum. Á hverju svæði fyrir sig er gert ráð fyrir 25-30 bílastæðum. Aðkoma að athafnasvæði er eftir bráðabirgðavegum sem liggja af núverandi Hringvegi sínum hvorum megin Jökulsár á Fjöllum. Innan svæðisins er gert ráð fyrir 20 bílastæðum.

Lagnir og veitukerfi

Ekki er aðgangur að veitum við Jökulsá á Fjöllum, hvorki rafmagni né vatni. Rafmagn verður framleitt með rafstöð. Vatn verður flutt að með tankbíl að svæðunum í grennd við Hringveginn og þarf að koma fyrir vatnstanki á heppilegum stað (sjálfrennsli). Við svæðið sunnan við brúarendan að austanverðu verður vatn sótt í lind. Ekki eru sýndar dreifilagnir innan skipulagssvæðis.

Fráveita frá byggingum fer í rotþró og síturlögn. Staðsetning þeirra verður sýnd á uppdrætti vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa, við nánari útfærslu á framkvæmdinni.

Gerð, frágangur og rekstur fráveitu og rotþróa verður í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, leiðbeiningar um rotþrær og síturlagnir og samþykkt nr. 671/2003 um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði Heilbrigðisefirlits Norðurlands eystra.

Fráveita skólps á vinnubúða- og athafnasvæðum verður leidd í rotþrær og þær losaðar í fráveitukerfi sveitarfélaganna af aðilum sem hafa leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra til flutnings á skólpi.

Frágangur

Framkvæmdum verður hagað þannig að sem minnst rask verði utan framkvæmdasvæða. Eftir að framkvæmdum lýkur verða öll bráðabirgðamannvirki fjarlægð af og úr jörðu. Gengið verður frá svæðinu í samræmi við núverandi ástand þess, tímabundnar malarfyllingar vegna mannvirkja og vegslóða verða fjarlægðar, gengið vel frá námum í samræmi við aðliggjandi land, fyllt aftur í geil sem myndast í klapparhluta námu B og landinu skilað með frágengnu yfirborði.

Í útboðsgögnum verður nánar greint frá því hvernig frágangi við athafnasvæði, á vinnubúðasvæðum og námusvæðum skuli hagað. Ekki verður sáð þar sem umhverfið er ógróið eða lítt gróið. Haft verður samráð við Umhverfisstofnun og Landgræðslu ríkisins um uppgræðslu.

UMHVERFISSKÝRSLA

Framkvæmdin er ekki matsskyld skv. 5 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Matsskylda framkvæmdarinnar skv. 5. gr. laga nr. 106/2000 var könnuð í nóvember 2013 því framkvæmdasvæðið verður í minna en 100 m fjarlægð frá fornleifum. Auk þess liggur Hringvegurinn vestan Jökulsár um náttúruverndarsvæði samkvæmt Svæðisskipulagi Miðhálendis Íslands 2015 og efnistaka úr námu B, sem er vestan Jökulsár innan Skútustaðahrepps, er áætluð meiri en 50 þús. m³

Niðurstaða Skipulagsstofnunar dags. 19. desember 2013 var að framkvæmdin sé ekki líklegt til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Vegna breytinga á efnistöku við undirbúning framkvæmdarinnar þarf að kanna matsskyldu að nýju. Verður það gert sumarið 2014.

Þar sem framkvæmdin fellur undir viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum er tillaga að deiliskipulagi háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Landslagi á fyrirhuguðu svæði hefur þegar verið raskað með vegi, brú, efnistöku o.fl. Framkvæmdasvæðið er ekki á óröskuðu viðerni.

Í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er hér sett fram umhverfisskýrsla sem gerir grein fyrir mati á áhrifum tillögunnar. Skýrslan er byggð upp eftir liðum a-j í 6 gr. laganna þar sem kemur fram hvað skuli koma fram í henni.

Tengsl við aðra áætlanagerð

Breyting á veglínu er í samræmi við aðalskipulag Skútustaðahrepps (2011-2023) og stefnu um greiðar og öruggar samgöngur í aðalskipulagi Norðurþings.

Umhverfisvandamál sem varða áætlunina

Ný veglína mun þvera gamla varðaða bjöðleið.

Umhverfisverndarmarkmið

Stefna aðalskipulags Norðurþings er að vandað sé til verka við frágang vegsvæðis og leitast við að fella vegi sem best að landi og gróðri.

Umhverfisþættir sem varða breytinguna og mat á líklegum umhverfisáhrifum

Í umhverfismati aðalskipulags Norðurþings 2010-2030 voru metin áhrif skipulagsáætlunarinnar á eftirtalda umhverfisþætti: samfélag, land, loft, vatn, vistkerfi, landslag, minjar, byggðarmynstur og lýðheilsu.

Færsla vegarins miðar að auknu umferðaröryggi og greiðir fyrir samgöngum. Ný tvíbreið brú tekur við af eldri einbreiðri brú og Hringveguinn styttist um 1,1 km. Á móti lengist Hólsfjallavegur um 1,5 km .

Nýr vegur, brú, námur, athafnasvæði og vinnubúðir verða á svæði sem er óbyggð svæði samkvæmt skipulagi. Þar eru sandar sem eru smám saman að gróa upp en landið er friðað fyrir beit austan árinnar frá 1992. Til að hafa sem minnst áhrif á landslag er ný brú hönnuð þannig að hún falli sem best að landslagi og sjáist sem minnst. Engar sérstæðar jarðmyndanir eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og gert er ráð fyrir að áhrif á gróður verði óveruleg.

Nýr Hringvegur mun þvera Jökulsá á Fjöllum þar sem áin breiðir úr sér og fellur í tveimur kvíslum. Framkvæmd við byggingu brúarinnar er líklegt til að hafa óveruleg áhrif á árvatn Jökulsárinnar.

Austan Jökulsár mun vegurinn þvera hina fornu bjöðleið milli Móðrudals og Grímsstaða sem var aðalleiðin milli Austurlands og Norðurlands. Námuvegur og náma C verða í grennd við leiðina. Þjóðleiðin er vörðuð og eru 22 vörður í minna en 100 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Erfitt er að komast hjá því að ný veglagning hafi áhrif á formminjar og er gert ráð fyrir því að ekki verði komist hjá því að fjarlægja eina vörðu vegna umferðaröryggis. Áður en framkvæmdir hefjast þarf leyfi frá Minjastofnun Íslands ef raska á vörðunni. Við framkvæmdir þarf að gæta að því að raska ekki öðrum vörðum nálægt framkvæmdasvæðinu.

Tillaga að deiliskipulagi vinnubúða og athafnasvæðis vegna breyttrar legu Hringvegar við Jökulsá á Fjöllum er ekki líklegt til að hafa í för með sér verulega neikvæð áhrif á umhverfið. Tillagan er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á samfélag og lýðheilsu og óveruleg áhrif á loft, vatn, og vistkerfi. Breytt veglína og ný brú er ekki líklegt til að hafa veruleg áhrif á byggðamynstur en er líklegt til hafa áhrif á landslag og minjar. Gengið verður frá námum og vinnubúðirnar og önnur mannvirki tengd þeim verða fjarlægð við verklok. Framkvæmdin er líklegt til að hafa staðbundin neikvæð áhrif á eina vörðu á fornri þjóðleið.

Mótvægisaðgerðir og vöktun

* Röskun á landi verður haldið í lágmarki og nýr vegur og brú hannaður þannig að mannvirkin falli sem best að landslagi. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst.
* Áður en framkvæmdir hefjast verður haft samráð við Minjastofnun Íslands til að afla leyfis til að raska einni vörðu sem lendir innan framkvæmdasvæðis. Gætt verður að því að raska ekki öðrum vörðum sem eru yfir 20 í innan við 100 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði og þær merktar vel áður en framkvæmdir hefjast.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010 var auglýst frá og með _____ með athugasemdafresti til og með _____ og var samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings þann _____ og í sveitarstjórn Skútustaðahrepps þann _____

_____
Sveitarstjóri Norðurþings

_____
Sveitarstjóri Skútustaðahrepps

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ nr._____

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9 - 640 Húsavík
Sími 464 6101
nordurthing@nordurting.is

Skútustaða-hreppur
Hlíðavegi 1 - 660 Mývatn
Sími 464 4163
gudrun@myvatn.is

VEGAGERÐIN
Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet - 1 m hæðarlínur
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf 2000
Flughæð: 3500 m Möskvastærð: 10x10 m
Kortagerð: Vegagerðin
Miðhúsavegi 1 - 600 Akureyri - Sími 522 1000 - vegagerdin@vegagerdin.is

Hönnunardeild		Tillaga að deiliskipulagi	1310-50028
MÆLIKV. 1:5.000 1:2.500	Hannað: GH, JER, GÞG	vinnubúða og athafnasvæðis vegna breyttrar legu Hringvegar við Jökulsá á Fjöllum	1 r5-r6
	Teikn.: HA		1 af 1
	Skipul.: HA	Tillaga dags. 06. maí 2014	Teikning 1
	Samþ.:		

S:\Mannvirki\111-r11-r5_r6_Jökulsárbrú\01 Grunngögn\Skipulag\1-r5_r6_dsk_2014.04.11_skipulag.dgn